

## 65. Fundur Íþróttá- og æskulýðsnefndar haldin í Íþróttahúsi Snæfellsbæjar

miðvikudaginn 10. apríl 2013 kl:17:00

Á fundinn mættu:

Brynja Mjöll Ólafsdóttir

Elva Ösp Magnúsdóttir

Erla Sigurðardóttir

Snædís Hjartardóttir

Sigrún Ólafsdóttir

### 1. Sundlaug Snæfellsbæjar

Nefndin lýsti yfir vonbrigðum sínum með það að enginn hafi boðið í útboð sem fram fór vegna breytinga á sundlauginni. Vonum við að leyst verði úr málunum svo verkefninu verði ekki frestað.

### 2. Skólahreysti

Umræða var um ástæðu þess að Grunnskóli Snæfellsbæjar taki ekki þátt í Skólahreysti. Ákveðið var að Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi skoði málið með skólustjóra GSNB í haust.

### 3. Félagsmiðstöðin Afdrep

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi greindi frá því að Hafdís Rán Brynjarsdóttir hefur tekið að sér að vera með félagsmiðstöðina fyrir 5-7. bekk það sem eftir er vetrar en Alda Dís Arnardóttir hefur látið af störfum þar sem henni bauðst tækifæri á að fara erlendis í nokkra mánuði. Þökkum við henni fyrir frábært starf með krökkunum.

Mæting í félagsmiðstöðina hjá krökkum í 8-10. bekk hefur dottið töluvert niður núna eftir Samfés. Rætt var um það hvort það ætti að leyfa 7. bekk að prófa að mæta með 8-10. bekk í félagsmiðstöðinni nokkur kvöld til reynslu það sem eftir er vetrar. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúa var gert að ræða málið frekar við forstöðumenn félagsmiðstöðvarinnar.

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi greindi frá því að Lionsklúbbur Ólafsvíkur er að gefa félagsmiðstöðinni myndvarpa. Þökkum við Lionsklúbbum kærlega fyrir góða gjöf.

### 4. Ungmennaráð

Lítill áhugi hefur verið hjá ungmennum okkar að starfa í ungmennaráði og hefur ráðið verið óstarfandi í vetur. Í haust verðu gengið í að fá inn ný ungmenni í ráðið og er vonast til að hægt verði að virkja ungmennin mun betur.

### 5. Önnur mál

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi sagði frá því að hún er að fara á aðalfund Samfés dagana 17-18. apríl auk þess sem hún fer á aðalfund Íþróttá- og æskulýðsfulltrúa dagana 3-4. maí.

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi sagði frá Snæfellsbæjarmótinu í knattspyrnu fyrir 6-7. flokk sem haldið verður í Snæfellsbæ dagana 15- 16. Júní en vonast er til að mótið verði framvegis árviss atburður.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18:20